# Vesturbyggð

# Ársreikningur 2011

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Kt. 510694-2369

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Vesturbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 743,8 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 656,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem var lögbundið hámark árið 2011. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,5%, en lögbundið hámark er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 52,3 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 97,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2011 nam 209,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 321,5 millj. kr.

Á árinu eru færðar til tekna, meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda, 140,3 millj. kr. vegna eftirgjafar gengisláns hjá Landsbankanum hf. Skuldir sveitarfélagsins lækka umtalsvert vegna þessa en skuldahlutfall A og B hluta er í árslok 174% en var til samanburðar 187% í árslok 2010. Sveitarfélagið vinnur áfram að fjárhagslegri endurskipulagningu með viðræðum við helstu lánardrottna með það að markmiði að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum nýrra sveitarstjórnarlaga sem tóku gildi í ársbyrjun 2012.

Bæjarstjórn gerði þann í ágústmánuði 2011 samning við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um skoðun á fjárhag sveitarfélagsins og möguleikum þess til hagræðingar í rekstri. Markmið skoðunarinnar er að draga úr rekstrarútgjöldum eins og kostur er, koma fram með tillögur að hagræðingaraðgerðum ásamt því að leitað verði leiða til að auka tekjur sveitarfélagsins. Niðurstöður úttektarinnar voru lagðar fyrir bæjarstjórn þann 7. desember 2011 og var samþykkt að taka tillögur sem þar koma fram til umræðu og úrvinnslu á árinu 2012.

Ársreikningur Vesturbyggðar fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Patreksfirði, 27. apríl 2012.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Vesturbyggðar fyrir árið fyrir árið 2011 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Patreksfirði, 2012.

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Vesturbyggðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vesturbyggðar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skuldastöðu sveitarfélagsins í árslok 2011 og óvissu um getu þess til að standa undir skuldbindingum sínum. Í því efni viljum við benda á að skuldahlutfall sveitarfélagins er 174% og veltufjárhlutfall þess er 0,77 í árslok 2011. Veltufé frá rekstri á árinu 2011 nam 35 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisyfirliti og næsta árs afborganir langtímalána eru 87 millj. kr. Í áætlunum fyrir árin 2012 til 2015 er gert ráð fyrir verulegri aukningu veltufjár frá rekstri ásamt talsverðum fjárfestingum og lántökum á sama tíma. Gangi áætlanir um aukningu veltufjár frá rekstri ekki eftir er hætta á að sveitarfélagið muni ekki geta staðið við núverandi skuldbindingar

## Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir með ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 2012.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum | Ársreikningur 2010 | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum | Ársreikningur 2010 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur ............... | | 341.633 | 335.382 | 325.623 | 337.624 | 331.369 | 322.086 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs .................... | | 190.736 | 168.998 | 191.807 | 190.735 | 168.997 | 191.807 |
| Aðrar tekjur .................................... | | 124.301 | 102.003 | 115.585 | 215.452 | 204.998 | 210.231 |
| | 4 | 656.670 | 606.383 | 633.015 | 743.811 | 705.364 | 724.124 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................ | 5 | 377.200 | 355.734 | 357.894 | 387.926 | 365.274 | 368.364 |
| Annar rekstrarkostnaður .................. | 6 | 258.228 | 212.079 | 264.725 | 303.555 | 259.677 | 313.681 |
| Afskriftir .......................................... | 9 | 23.989 | 26.320 | 25.964 | 47.661 | 52.792 | 47.911 |
| | | 659.417 | 594.133 | 648.584 | 739.142 | 677.743 | 729.956 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda ............. | | ( 2.748 ) | 12.250 | ( 15.568 ) | 4.668 | 27.620 | ( 5.832 ) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .. | | ( 39.834 ) | ( 39.678 ) | ( 29.116 ) | ( 92.684 ) | ( 76.476 ) | ( 59.656 ) |
| Eftirgjöf gengisláns ......................... | | 140.331 | 70.000 | 0 | 140.331 | 70.000 | 0 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar ........... | | 0 | 0 | ( 165.146 ) | 0 | 0 | ( 165.146 ) |
| | 7 | 100.497 | 30.322 | ( 194.262 ) | 47.647 | ( 6.476 ) | ( 224.802 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** ......................... | 13 | 97.750 | 42.572 | ( 209.830 ) | 52.316 | 21.144 | ( 230.634 ) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | A hluti 2011 | A hluti 2010 | A og B hluti 2011 | A og B hluti 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir ................ | | 679.680 | 660.655 | 930.416 | 924.003 |
| Veitur, götur og hafnarmannvirki ................ | | 53.071 | 56.453 | 314.209 | 315.437 |
| Vélar, áhöld og tæki ................ | | 2.251 | 2.959 | 2.251 | 2.959 |
| | 9 | 735.002 | 720.067 | 1.246.875 | 1.242.398 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ................ | 10 | 117.896 | 117.896 | 117.896 | 117.896 |
| | | 117.896 | 117.896 | 117.896 | 117.896 |
| Fastafjármunir | | 852.898 | 837.963 | 1.364.771 | 1.360.294 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur ................ | 12 | 48.740 | 44.571 | 48.740 | 44.571 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki ................ | | 11.212 | 35.448 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur ................ | 12 | 24.087 | 17.768 | 48.573 | 41.422 |
| Handbært fé ................ | 3 | 35.951 | 20.866 | 40.206 | 27.869 |
| Veltufjármunir | | 119.990 | 118.653 | 137.519 | 113.862 |
| **Eignir samtals** | | 972.888 | 956.616 | 1.502.291 | 1.474.156 |

Eignir utan efnahagsreiknings ................ 3

# 31. desember 2011

**Eigið fé og skuldir**

| | Skýr. | A hluti 2011 | A hluti 2010 | A og B hluti 2011 | A og B hluti 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 13 | 321.484 | 185.527 | 209.441 | 118.919 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 14 | 119.206 | 101.964 | 119.206 | 101.964 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 378.893 | 412.979 | 994.625 | 944.353 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 6.395 | 5.942 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 31.483 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15 | 52.338 | 199.832 | 87.068 | 235.234 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 69.484 | 56.314 | 85.556 | 67.744 |
| | | 153.305 | 256.147 | 179.019 | 308.920 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 651.404 | 771.090 | 1.292.850 | 1.355.237 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 972.888 | 956.616 | 1.502.291 | 1.474.156 |

# Sjóðstreymisyfirlit 2011

| | Skýr | A hluti Ársreikningur 2011 | A hluti Áætlun 2011 með viðaukum | A hluti Ársreikningur 2010 | A og B hluti Ársreikningur 2011 | A og B hluti Áætlun 2011 með viðaukum | A og B hluti Ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða............................. | 13 | 97.750 | 42.572 | ( 209.830 ) | 52.316 | 21.144 | ( 230.634 ) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir .......................................... | 9 | 23.989 | 26.320 | 25.964 | 47.661 | 52.792 | 47.911 |
| Verðbætur ...................................... | | 19.503 | 23.254 | 10.898 | 51.564 | 46.214 | 24.428 |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu ....... | 14 | 21.133 | 4.100 | 3.006 | 21.133 | 4.100 | 3.006 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar ........... | | 0 | 0 | 165.146 | 0 | 0 | 165.146 |
| Eftirgjöf gengisláns ......................... | | ( 140.331 ) | ( 70.000 ) | 0 | ( 140.331 ) | ( 70.000 ) | 0 |
| Tap af sölu fastafjármuna ................ | | 0 | 0 | 0 | 2.974 | 0 | 2.184 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 22.044 | 26.246 | ( 4.817 ) | 35.316 | 54.250 | 12.041 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur, breyting .... | | ( 4.169 ) | ( 10.000 ) | ( 6.905 ) | ( 4.169 ) | ( 10.000 ) | ( 6.905 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting .... | | ( 6.319 ) | ( 4.000 ) | 888 | ( 7.151 ) | ( 4.000 ) | ( 4.613 ) |
| Skammtímaskuldir, breyting ........... | | 13.170 | ( 9.500 ) | ( 7.760 ) | 17.812 | ( 9.500 ) | ( 10.335 ) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar ... | 14 | ( 3.891 ) | 0 | ( 3.371 ) | ( 3.891 ) | 0 | ( 3.371 ) |
| Samtals | | ( 1.209 ) | ( 23.500 ) | ( 17.148 ) | 2.601 | ( 23.500 ) | ( 25.224 ) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 20.834 | 2.746 | ( 21.964 ) | 37.917 | 30.750 | ( 13.183 ) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ........................ | 9 | ( 717 ) | 0 | 0 | ( 18.705 ) | ( 21.000 ) | ( 31.806 ) |
| Söluverð seldra eigna ........................ | | 0 | 0 | 0 | 1.800 | 0 | 4.640 |
| Langtímakröfur, breyting ................... | 11 | 0 | 0 | 9.311 | 0 | 0 | 9.311 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 717 ) | 0 | 9.311 | ( 16.905 ) | ( 21.000 ) | ( 17.855 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ......................... | 15 | 18.000 | 100.000 | 10.500 | 103.000 | 185.000 | 70.500 |
| Afborganir langtímalána .................... | 15 | ( 78.752 ) | ( 150.526 ) | ( 49.406 ) | ( 112.128 ) | ( 183.666 ) | ( 72.826 ) |
| Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting.... | | 55.719 | 58.894 | 19.775 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, breyting.................... | | 0 | 0 | 0 | 453 | 0 | 5.465 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 5.033 ) | 8.368 | ( 19.131 ) | ( 8.675 ) | 1.334 | 3.139 |
| **Breyting á handbæru fé** ................... | | 15.085 | 11.114 | ( 31.784 ) | 12.337 | 11.084 | ( 27.899 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** ................... | | 20.866 | 20.866 | 52.650 | 27.869 | 24.392 | 55.768 |
| **Handbært fé í árslok** ........................ | | 35.951 | 31.980 | 20.866 | 40.206 | 35.476 | 27.869 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Vesturbyggð er sveitarfélag á Vestfjörðum og var fjöldi íbúa þess 910 þann 1. desember 2011. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Aðalstræti 63 á Patreksfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Vesturbyggðar fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir og Fasteignir Vesturbyggðar ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en birtar eru viðbótarupplýsingar í skýringum í samræmi við ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga og auglýsingu ráðuneytisins.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

**d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.**

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárreikning.

**e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir............................................................................................................................. | 10 - 40 ár |
| Veitur, götur og hafnarmannvirki........................................................................................ | 10 - 25 ár |
| Vélar, áhöld og tæki.......................................................................................................... | 3 - 40 ár |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

**f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.  Framlög A hluta til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

**g. Langtímakröfur**

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

**h. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

**i. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**j. Eignir utan efnahagsreiknings**

Fjárfesting í löndum og lóðum sem sveitarfélagið hefur ekki leigutekjur af og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

**k. Lífeyrisskuldbinding**

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2011. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 13.

**l. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

**m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

**n. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 19 og 20.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum |
| **Útsvar og fasteignaskattur:** | | | | |
| Útsvar | 308.603 | 302.416 | 308.603 | 302.416 |
| Fasteignaskattur | 21.723 | 21.734 | 17.714 | 17.721 |
| Lóðaleiga | 11.307 | 11.232 | 11.307 | 11.232 |
| | 341.633 | 335.382 | 337.624 | 331.369 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs:** | | | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 50.534 | 54.307 | 50.534 | 54.307 |
| Framlag vegna útgjaldajöfnunar | 84.301 | 57.774 | 84.301 | 57.774 |
| Framlög vegna grunnskóla | 40.694 | 35.938 | 40.694 | 35.938 |
| Framlag vegna íbúafækkunar | 8.369 | 15.000 | 8.369 | 15.000 |
| Önnur framlög | 6.837 | 5.978 | 6.837 | 5.978 |
| | 190.736 | 168.998 | 190.735 | 168.997 |
| Skatttekjur samtals | 532.369 | 504.380 | 528.359 | 500.366 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | 82.712 | 81.749 | 150.610 | 163.331 |
| Eignatekjur | 10.847 | 9.257 | 31.716 | 30.669 |
| Endurgreiðslur | 27.469 | 8.110 | 29.697 | 8.110 |
| Aðrar tekjur | 3.273 | 2.888 | 3.428 | 2.888 |
| | 124.301 | 102.003 | 215.452 | 204.998 |
| Rekstrartekjur samtals | 656.670 | 606.383 | 743.811 | 705.364 |

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 274.984 | 273.122 | 283.122 | 280.433 |
| Launatengd gjöld | 72.450 | 70.807 | 74.566 | 72.711 |
| Annar starfsmannakostnaður | 8.632 | 7.705 | 9.105 | 8.030 |
| | 356.066 | 351.634 | 366.793 | 361.174 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 21.133 | 4.100 | 21.133 | 4.100 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 377.200 | 355.734 | 387.926 | 365.274 |

Í árslok 2011 störfuðu 82 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 74 stöðugildum.
Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 15,1 millj. kr. á árinu 2011.

## 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vöru- og þjónustukaup | 216.284 | 175.719 | 258.158 | 220.079 |
| Skattar og önnur opinber gjöld | 712 | 371 | 1.500 | 562 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður | 41.232 | 35.988 | 43.898 | 39.036 |
| | 258.228 | 212.079 | 303.555 | 259.677 |

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum |
| Vaxtatekjur og verðbætur .................................... | 2.434 | 2.467 | 2.626 | 2.663 |
| Vaxtagjöld og verðbætur ..................................... | ( 42.268 ) | ( 42.145 ) | ( 95.310 ) | ( 79.139 ) |
| | ( 39.834 ) | ( 39.678 ) | ( 92.684 ) | ( 76.476 ) |
| Eftirgjöf gengisláns............................................. | 140.331 | 70.000 | 140.331 | 70.000 |
| Samtals............................................................... | 100.497 | 30.322 | 47.647 | ( 6.476 ) |

## 8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Ársreikningur 2011 | | | Áætlun 2011 með viðaukum |
|---|---|---|---|---|
| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Nettó |
| **Aðalsjóður:** | | | | |
| Skatttekjur .......................................................... | 0 | 543.936 | 543.936 | 515.972 |
| Félagsþjónusta .................................................... | 44.109 | 7.349 | ( 36.760 ) | ( 34.838 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál ..................................... | 271.827 | 19.865 | ( 251.962 ) | ( 245.842 ) |
| Menningarmál .................................................... | 32.127 | 11.702 | ( 20.425 ) | ( 19.889 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál ...................................... | 109.781 | 21.942 | ( 87.838 ) | ( 90.341 ) |
| Brunamál og almmannavarnir .............................. | 38.455 | 21.470 | ( 16.985 ) | ( 16.082 ) |
| Hreinlætismál ..................................................... | 38.348 | 34.578 | ( 3.770 ) | ( 2.277 ) |
| Skipulags- og byggingarmál ................................ | 21.804 | 3.828 | ( 17.976 ) | ( 15.631 ) |
| Umferðar- og samgöngumál ............................... | 25.557 | 585 | ( 24.972 ) | ( 20.479 ) |
| Umhverfismál ...................................................... | 17.150 | 1.795 | ( 15.355 ) | ( 15.668 ) |
| Atvinnumál ......................................................... | 9.112 | 1.404 | ( 7.708 ) | ( 7.773 ) |
| Hitaveita Barðaströnd .......................................... | 423 | 0 | ( 423 ) | 0 |
| Framlög til B-hluta ............................................... | 10.000 | 0 | ( 10.000 ) | ( 10.332 ) |
| Sameiginlegur kostnaður .................................... | 94.007 | 9.112 | ( 84.895 ) | ( 74.585 ) |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar ............................. | 21.289 | 0 | ( 21.289 ) | ( 4.255 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ....................... | 11.849 | 142.766 | 130.917 | 61.894 |
| Aðalsjóður samtals | 745.838 | 820.333 | 74.496 | 19.874 |
| **A hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður ......................................................... | 119.279 | 142.533 | 23.254 | 22.697 |
| Innri færslur A hluta ............................................. | ( 163.431 ) | ( 163.431 ) | 0 | 0 |
| A hluti samtals | 701.686 | 799.435 | 97.750 | 42.572 |
| **B hluta fyrirtæki:** | | | | |
| Hafnarsjóður ....................................................... | 70.702 | 62.833 | ( 7.870 ) | ( 3.198 ) |
| Vatnsveita ........................................................... | 22.751 | 15.478 | ( 7.273 ) | ( 8.522 ) |
| Fráveita .............................................................. | 18.315 | 9.695 | ( 8.620 ) | ( 788 ) |
| Félagslegar íbúðir ................................................ | 3.282 | 676 | ( 2.606 ) | ( 1.569 ) |
| Fasteignir Vesturbyggðar ehf. ............................. | 41.386 | 22.322 | ( 19.064 ) | ( 7.350 ) |
| Innri færslur A og B hluta .................................... | ( 23.670 ) | ( 23.670 ) | 0 | 0 |
| A og B hluti samtals | 834.452 | 886.768 | 52.316 | 21.144 |

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, lóðir og lendur | Veitur, götur og hafnarmannvirki | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **A hluti** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2011 | 1.021.052 | 68.502 | 18.330 | 1.107.884 |
| Afskrifað áður | ( 360.397 ) | ( 12.049 ) | ( 15.371 ) | ( 387.817 ) |
| Bókfært verð 1.1.2011 | 660.655 | 56.453 | 2.959 | 720.067 |
| Afskrifað á árinu | ( 19.182 ) | ( 3.382 ) | ( 1.425 ) | ( 23.989 ) |
| Endurmat lóða og lendna | 38.207 | 0 | 0 | 38.207 |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 679.680 | 53.071 | 2.251 | 735.002 |
| | | | | |
| Samtals heildarverð 31.12.2011 | 1.059.259 | 68.502 | 19.047 | 1.146.808 |
| Afskrifað samtals | ( 379.579 ) | ( 15.431 ) | ( 16.796 ) | ( 411.806 ) |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 679.680 | 53.071 | 2.251 | 735.002 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 10,0% | 2,5 - 10% | 10 - 30% | |
| | | | | |
| **A og B hluti** | | | | |
| Heildarverð 1.1. 2011 | 1.355.086 | 472.150 | 18.330 | 1.845.565 |
| Afskrifað áður | ( 431.083 ) | ( 156.713 ) | ( 15.371 ) | ( 603.167 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 924.003 | 315.437 | 2.959 | 1.242.398 |
| Viðbót á árinu | 0 | 17.988 | 717 | 18.705 |
| Selt á árinu | ( 4.774 ) | 0 | 0 | ( 4.774 ) |
| Afskrift á árinu | ( 27.020 ) | ( 19.216 ) | ( 1.425 ) | ( 47.661 ) |
| Endurmat lóða og lendna | 38.207 | 0 | 0 | 38.207 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 930.416 | 314.209 | 2.251 | 1.246.875 |
| | | | | |
| Samtals heildarverð 31.12.2011 | 1.387.174 | 490.138 | 19.047 | 1.896.359 |
| Afskrifað samtals | ( 456.759 ) | ( 175.929 ) | ( 16.796 ) | ( 649.485 ) |
| Bókfært verð 31.12 2011 | 930.416 | 314.209 | 2.251 | 1.246.875 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 10,0% | 2,5 - 10% | 10 - 30% | |

### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2011 greinist þannig:

| | Fjárfesting 2011 | Áætlun 2011 með viðaukum |
|---|---|---|
| **A hluti** | | |
| *Aðrar eignir:* | | |
| Bifreið | 717 | 0 |
| A hluti | 717 | 0 |
| | | |
| **B hluti** | | |
| *Hafnarsjóður:* | | |
| Patreksfjarðarhöfn, stálþil: | | |
| Framlag ríkissjóðs | ( 53.264 ) | ( 63.000 ) |
| Framkvæmdakostnaður | 71.252 | 84.000 |
| B hluti | 17.988 | 21.000 |
| | | |
| A og B hluti | 18.705 | 21.000 |

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

| | Brunabótamat | Fasteignamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 701.250 | 87.863 | 145.071 |
| Leikskólar | 90.850 | 12.719 | 13.486 |
| Íþróttamannvirki | 599.750 | 77.005 | 265.471 |
| Íbúðarhúsnæði | 1.150.847 | 245.947 | 250.736 |
| Aðrar fasteignir | 868.272 | 157.535 | 40.918 |
| Lóðir og lendur | | 262.888 | 197.169 |
| Gatnaframkvæmdir | | | 53.071 |
| Hafnarmannvirki | | | 227.935 |
| Veitumannvirki | | | 33.203 |
| Landfylling | | | 17.565 |
| Vélar, áhöld og tæki | | | 2.251 |
| Samtals | | | 1.246.875 |

#### Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitu- og hafnarmannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 336,3 millj. kr., vatnsveitu 574,5 millj. kr. og hafnarmannvirkja 1.872,3 millj. kr. í árslok 2011.

#### Tryggingaverð lausafjármuna

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Grunnskólar | 25.000 | 25.000 |
| Íþróttamannvirki | 5.449 | 5.449 |
| Leikskólar | 3.447 | 3.447 |
| Framhaldsskóli | 4.000 | 4.000 |
| Tónlistarskóli | 6.745 | 6.745 |
| Bókasafn | 37.105 | 37.105 |
| Þjónustumiðstöð | 8.500 | 8.500 |
| Slökkvistöð | 20.894 | 20.894 |
| Félagsheimili | 14.558 | 14.558 |
| Kvikmyndahús | 6.558 | 6.558 |
| Bæjarskrifstofur | 7.519 | 7.519 |
| Geislunarhús | 0 | 7.000 |
| Verbúð | 0 | 4.814 |
| Félagsstarf eldri borgara | 8.105 | 8.105 |
| Hafnarmannvirki | 0 | 5.812 |
| | 147.880 | 165.506 |

## 10. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | A hluti Bókfært verð | A og B hluti Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Lánasjóður Sveitarfélaga ohf. | 1,32% | 116.938 | 116.938 |
| Vestur-Botn ehf. | 100% | 500 | 500 |
| Landskerfi bókasafna ehf. | 0,21% | 308 | 308 |
| Háskólasetur Vestfjarða ehf. | | 150 | 150 |
| | | 117.896 | 117.896 |

## 11. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skatttekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 28.998 | 32.218 |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 10.196 | 13.168 |
| Niðurfærsla í árslok | 39.194 | 45.386 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2011 | 185.527 | 118.918 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 97.750 | 52.316 |
| Endurmat lóða og lenda | 38.207 | 38.207 |
| Eigið fé 31.12. 2011 | 321.484 | 209.441 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 3,9 millj. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu 2011 greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2011 | 101.964 | 101.964 |
| Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu sbr. skýr. 3 k | 21.133 | 21.133 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu | ( 3.891 ) | ( 3.891 ) |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2011 | 119.206 | 119.206 |

## 14. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

| | Gengistryggð lán | Óverðtryggð lán | Verðtryggð lán | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **A hluti** | | | | |
| Staða lána í ársbyrjun | 146.384 | 0 | 466.427 | 612.811 |
| Ný lán | 0 | 0 | 18.000 | 18.000 |
| Skilmálabreyting láns | ( 3.679 ) | 3.679 | 0 | 0 |
| Afborganir af lánum | ( 2.373 ) | ( 916 ) | ( 77.697 ) | ( 80.986 ) |
| Eftirgjöf gengisláns | ( 140.331 ) | 0 | 0 | ( 140.331 ) |
| Verðbætur | 0 | 0 | 21.737 | 21.737 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afb. | 0 | 2.763 | 428.467 | 431.231 |
| Næsta árs afborgun | 0 | ( 1.256 ) | ( 51.082 ) | ( 52.338 ) |
| | 0 | 1.508 | 377.385 | 378.893 |
| Vaxtakjör í árslok | | 5,2% | 3,85 - 7,0% | |
| **A og B hluti** | | | | |
| Staða lána í ársbyrjun | 146.384 | 0 | 1.033.203 | 1.179.587 |
| Ný lán | 0 | 0 | 103.000 | 103.000 |
| Skilmálabreyting láns | ( 3.679 ) | 3.679 | 0 | 0 |
| Afborganir af lánum | ( 2.373 ) | ( 916 ) | ( 111.074 ) | ( 114.363 ) |
| Eftirgjöf gengisláns | ( 140.331 ) | 0 | 0 | ( 140.331 ) |
| Verðbætur | 0 | 0 | 53.800 | 53.800 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afb. | 0 | 2.763 | 1.078.929 | 1.081.693 |
| Næsta árs afborgun | 0 | ( 1.256 ) | ( 85.812 ) | ( 87.068 ) |
| | 0 | 1.508 | 993.117 | 994.625 |
| Vaxtakjör í árslok | | 5,2% | 1,0 - 7,0% | |

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2011.

Sveitarfélagið gerði lánasamning við Landsbanka Íslands hf. í árslok 2007. Skilmálar lánasamningsins gera ráð fyrir að lánið sé gengistryggt. Í samræmi við dóm Hæstaréttar um gengisbundin lán var lánið endurreiknað. Í upphafi árs 2012 var sveitarfélaginu tilkynnt af Landsbankanum hf. að eftirstöðvar lánsins yrðu felldar niður að fullu. Höfuðstólslækkun og eftirgjöf láns er færð til tekna meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi samanber skýringu 7.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2012 | 52.338 | 87.068 |
| Árið 2013 | 50.629 | 86.040 |
| Árið 2014 | 49.672 | 85.733 |
| Árið 2015 | 44.510 | 81.276 |
| Árið 2016 | 39.602 | 77.129 |
| Síðar | 194.480 | 664.447 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 431.231 | 1.081.693 |

## 15. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A hluti | 100% | 972.888 | 651.404 | 321.484 |
| Hafnarsjóður | 100% | 272.758 | 245.687 | 27.071 |
| Vatnsveita | 100% | 23.530 | 25.678 | ( 2.149 ) |
| Fráveita | 100% | 19.805 | 41.273 | ( 21.468 ) |
| Félagslegar íbúðir | 100% | 27.108 | 18.318 | 8.789 |
| Fasteignir Vesturbyggðar ehf. | 100% | 228.896 | 353.181 | ( 124.285 ) |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | ( 42.693 ) | ( 42.693 ) | 0 |
| Samtals | | 1.502.291 | 1.292.850 | 209.441 |

## 16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

### Samstarfsverkefni

Vesturbyggð er þátttakandi í verkefninu Dreifmennt í Vestur-Barðastrandasýslu ásamt Tálknafjarðarhreppi, Stykkishólmsbæ, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ en verkefnið nýtur styrkja frá menntamálaráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vegna verkefnisins hefur verið gerður fjármögnunarleigusamningur um búnað. Lokadagur verkefnisins var 31. júlí 2011. Unnið er að uppgjöri verkefnisins.

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2011 | Áætlun með viðaukum | Ársreikningur 2011 | Áætlun með viðaukum |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Útsvar | 47,0 % | 49,9 % | 41,5 % | 42,9 % |
| Fasteignaskattur | 3,3 % | 3,6 % | 2,4 % | 2,5 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 29,0 % | 27,9 % | 25,6 % | 24,0 % |
| Lóðarleiga | 1,7 % | 1,9 % | 1,5 % | 1,6 % |
| Skatttekjur samtals | 81,1 % | 83,2 % | 71,0 % | 70,9 % |
| Aðrar tekjur | 18,9 % | 16,8 % | 29,0 % | 29,1 % |
| Rekstrartekjur samtals | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| Laun og launatengd gjöld | 57,4 % | 58,7 % | 52,2 % | 51,8 % |
| Annar rekstrarkostnaður | 39,3 % | 35,0 % | 40,8 % | 36,8 % |
| Afskriftir | 3,7 % | 4,3 % | 6,4 % | 7,5 % |
| (Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld | ( 15,3% ) | ( 5,0% ) | ( 6,4% ) | 0,9 % |
| | 85,1 % | 93,0 % | 93,0 % | 97,0 % |
| Rekstrarniðurstaða | 14,9 % | 7,0 % | 7,0 % | 3,0 % |
| Veltufé frá rekstri | 3,4 % | 4,3 % | 4,7 % | 7,7 % |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 0,1% ) | 0,0 % | ( 2,3% ) | ( 3,0% ) |
| **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| **Rekstur:** | | | | |
| Skatttekjur | 585 | 554 | 581 | 550 |
| Aðrar tekjur | 137 | 112 | 237 | 225 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 415 ) | ( 391 ) | ( 426 ) | ( 401 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 284 ) | ( 233 ) | ( 334 ) | ( 285 ) |
| Afskriftir | ( 26 ) | ( 29 ) | ( 52 ) | ( 58 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 110 | 33 | 52 | ( 7 ) |
| Rekstrarniðurstaða | 107 | 47 | 57 | 23 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 24 | 29 | 39 | 60 |
| Handbært fé frá rekstri | 23 | 3 | 42 | 34 |

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| **Efnahagur:** | | | | |
| Eignir | 1.069 | 1.075 | 1.651 | 1.656 |
| Eigið fé | 353 | 208 | 230 | 134 |
| Skuldir og skuldbindingar | 716 | 866 | 1.421 | 1.523 |
| **Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,78 | 0,46 | 0,77 | 0,37 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 33% | 19% | 14% | 8% |
| Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur | 99% | 122% | 174% | 187% |

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| **Íbúafjöldi,** (heimild: Hagstofa Íslands): | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 910 | 890 | 938 | 901 |
| Breyting frá fyrra ári | 2,2 % | ( 5,1% ) | 4,1 % | ( 2,1% ) |

## 18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | | |
| Útsvar | 47,0 % | 46,2 % | 39,0 % | 32,3 % | 39,6 % |
| Fasteignaskattur | 3,3 % | 3,4 % | 2,8 % | 2,2 % | 3,1 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 29,0 % | 30,3 % | 28,4 % | 28,4 % | 40,0 % |
| Lóðarleiga | 1,7 % | 1,9 % | 1,8 % | 1,3 % | 1,7 % |
| Skatttekjur samtals | 81,1 % | 81,7 % | 72,0 % | 64,2 % | 84,4 % |
| Aðrar tekjur | 18,9 % | 18,3 % | 28,0 % | 35,8 % | 15,6 % |
| Rekstrartekjur samtals | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| Laun og launatengd gjöld | 57,4 % | 56,5 % | 47,6 % | 41,1 % | 42,7 % |
| Annar rekstrarkostnaður | 39,3 % | 41,8 % | 48,7 % | 59,6 % | 36,9 % |
| Afskriftir | 3,7 % | 4,1 % | 3,5 % | 2,6 % | 2,6 % |
| (Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld | (15,3%) | 30,7 % | 16,6 % | 15,6 % | 1,4 % |
| Rekstrarkostnaður samtals | 85,1 % | 133,1 % | 116,4 % | 118,9 % | 83,7 % |
| Rekstrarniðurstaða | 14,9 % | (33,1%) | (16,4%) | (18,9%) | 16,3 % |
| Veltufé frá (til) rekstrar | 3,4 % | (0,8%) | 1,6 % | 0,7 % | 23,1 % |
| Fjárfestingarhreyfingar | (0,1%) | 1,5 % | (0,2%) | (11,1%) | (36,5%) |
| **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur | 585 | 581 | 545 | 574 | 586 |
| Aðrar tekjur | 137 | 130 | 212 | 320 | 108 |
| Laun og launatengd gjöld | (415) | (402) | (360) | (367) | (296) |
| Annar rekstrarkostnaður | (284) | (297) | (368) | (532) | (256) |
| Afskriftir | (26) | (29) | (27) | (23) | (18) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 110 | (218) | (125) | (139) | (10) |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) | 107 | (236) | (124) | (168) | 113 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Veltufé (til) frá rekstri | 24 | (5) | 12 | 6 | 160 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | 23 | (9) | 44 | 25 | 144 |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Eignir | 1.069 | 1.075 | 1.166 | 1.510 | 1.422 |
| Eigið fé | 353 | 208 | 305 | 649 | 800 |
| Skuldir og skuldbindingar | 716 | 866 | 861 | 861 | 622 |
| **Aðrar lykiltölur** | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum | 19,56 | | 55,92 | 105,96 | 2,96 |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir | 0,78 | 0,46 | 1,46 | 1,36 | 2,31 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 33% | 19% | 26% | 43% | 56% |
| Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur | 99% | 122% | 114% | 96% | 90% |
| Útsvarprósenta | 14,48% | 13,28% | 13,03% | 13,03% | 13,03% |
| Fasteignaskattsprósenta, A-liður | 0,500% | 0,500% | 0,500% | 0,500% | 0,500% |
| Fasteignaskattsprósenta, B-liður | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 0,880% |
| Fasteignaskattsprósenta, C-liður | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% |
| **Íbúafjöldi,** (heimild: Hagstofa Íslands): | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 910 | 890 | 938 | 901 | 920 |
| Breyting frá fyrra ári | 2,2 % | (5,1%) | 4,1 % | (2,1%) | (1,8%) |

## 18. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

| | 2011 | Hlutfall af skattt. | 2010 | Hlutfall af skattt. | 2009 | Hlutfall af skattt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | | | | |
| Skatttekjur .............................. | 543.936 | 100,0% | 528.425 | 100,0% | 521.983 | 100,0% |
| Félagsþjónusta ........................ | ( 36.760 ) | 6,8% | ( 27.835 ) | 5,3% | ( 22.934 ) | 4,3% |
| Fræðslu- og uppeldismál ......... | ( 251.962 ) | 46,3% | ( 250.677 ) | 47,4% | ( 246.321 ) | 46,6% |
| Menningarmál ......................... | ( 20.425 ) | 3,8% | ( 25.031 ) | 4,7% | ( 24.351 ) | 4,6% |
| Æskulýðs- og íþróttamál .......... | ( 87.838 ) | 16,1% | ( 88.822 ) | 16,8% | ( 71.453 ) | 13,5% |
| Brunamál og almannavarnir ..... | ( 16.985 ) | 3,1% | ( 19.633 ) | 3,7% | ( 27.625 ) | 5,2% |
| Hreinlætismál .......................... | ( 3.770 ) | 0,7% | ( 14.039 ) | 2,7% | ( 11.919 ) | 2,3% |
| Skipulags- og byggingarmál ..... | ( 17.976 ) | 3,3% | ( 16.000 ) | 3,0% | ( 8.199 ) | 1,6% |
| Umferðar- og samgöngumál .... | ( 24.972 ) | 4,6% | ( 14.231 ) | 2,7% | ( 9.282 ) | 1,8% |
| Umhverfismál .......................... | ( 15.355 ) | 2,8% | ( 13.811 ) | 2,6% | ( 13.013 ) | 2,5% |
| Atvinnumál .............................. | ( 7.708 ) | 1,4% | ( 12.947 ) | 2,5% | ( 12.885 ) | 2,4% |
| Hitaveita Barðaströnd ............... | ( 423 ) | 0,1% | ( 734 ) | 0,1% | ( 370 ) | 0,1% |
| Framlög í B hluta starfsemi ...... | ( 10.000 ) | 1,8% | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Sameiginlegur kostnaður ......... | ( 84.895 ) | 15,6% | ( 92.517 ) | 17,5% | ( 73.618 ) | 13,9% |
| Lífeyrisskuldbinding ................. | ( 21.289 ) | 3,9% | ( 3.006 ) | 0,6% | ( 4.813 ) | 0,9% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .................... | 130.917 | ( 24,1% ) | ( 167.862 ) | 31,8% | ( 62.988 ) | 11,9% |
| Aðalsjóður samtals | 74.496 | 13,7% | ( 218.719 ) | ( 41,4% ) | ( 67.788 ) | ( 13,0% ) |
| | | | | | | |
| **Aðrir sjóðir í A hluta:** | | | | | | |
| Eignasjóður ............................. | 23.254 | ( 4,3% ) | 8.889 | ( 1,7% ) | ( 48.625 ) | 9,2% |
| A hluti samtals | 97.750 | 18,0 % | ( 209.830 ) | ( 39,7% ) | ( 116.413 ) | ( 22,3% ) |

## 19. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags- áætlun | Viðaukar við fjárhags- áætlun | Fjárhags- áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags- áætlun | Viðaukar við fjárhags- áætlun | Fjárhags- áætlun með viðaukum |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur ............ | 319.664 | 15.718 | 335.382 | 319.664 | 11.705 | 331.369 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ................ | 194.573 | ( 25.575 ) | 168.998 | 194.573 | ( 25.576 ) | 168.997 |
| Aðrar tekjur .................................. | 205.634 | ( 103.631 ) | 102.003 | 305.751 | ( 100.753 ) | 204.998 |
| | 719.871 | ( 113.488 ) | 606.383 | 819.988 | ( 114.624 ) | 705.364 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............ | 345.133 | 10.601 | 355.734 | 354.901 | 10.373 | 365.274 |
| Annar rekstrarkostnaður .............. | 340.308 | ( 128.229 ) | 212.079 | 393.240 | ( 133.563 ) | 259.677 |
| Afskriftir ....................................... | 23.590 | 2.730 | 26.320 | 45.801 | 6.991 | 52.792 |
| | 709.031 | ( 114.898 ) | 594.133 | 793.942 | ( 116.199 ) | 677.743 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda ........... | 10.840 | 1.410 | 12.250 | 26.046 | 1.574 | 27.620 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ........................... | ( 38.696 ) | ( 982 ) | ( 39.678 ) | ( 38.696 ) | ( 37.780 ) | ( 76.476 ) |
| Eftirgjöf gengisláns ....................... | 0 | 70.000 | 70.000 | 0 | 70.000 | 70.000 |
| | ( 38.696 ) | 69.018 | 30.322 | ( 38.696 ) | 32.220 | ( 6.476 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** ...................... | ( 27.856 ) | 70.428 | 42.572 | ( 12.650 ) | 33.794 | 21.144 |

## 20. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ...................... | ( 27.856 ) | 70.428 | 42.572 | ( 12.650 ) | 33.794 | 21.144 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Afskriftir ...................................... | 23.590 | 2.730 | 26.320 | 45.801 | 6.991 | 52.792 |
| Verðbætur .................................. | 19.000 | 4.254 | 23.254 | 35.710 | 10.504 | 46.214 |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .... | 5.665 | ( 1.565 ) | 4.100 | 5.665 | ( 1.565 ) | 4.100 |
| Eftirgjöf gengisláns ...................... | 0 | ( 70.000 ) | ( 70.000 ) | 0 | ( 70.000 ) | ( 70.000 ) |
| Veltufé frá rekstri | 20.399 | 5.847 | 26.246 | 74.526 | ( 20.276 ) | 54.250 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | |
| Óinnh. skattt. (hækkun), lækkun ... | 0 | ( 10.000 ) | ( 10.000 ) | 0 | ( 10.000 ) | ( 10.000 ) |
| Aðrar skammtímakr. (hækkun) ...... | 0 | ( 4.000 ) | ( 4.000 ) | 0 | ( 4.000 ) | ( 4.000 ) |
| Skammtímaskuldir lækkun ........... | 0 | ( 9.500 ) | ( 9.500 ) | 0 | ( 9.500 ) | ( 9.500 ) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 0 | ( 23.500 ) | ( 23.500 ) | 0 | ( 23.500 ) | ( 23.500 ) |
| Handbært fé frá rekstri | 20.399 | ( 17.653 ) | 2.746 | 74.526 | ( 43.776 ) | 30.750 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ....................... | 0 | 0 | 0 | ( 15.750 ) | ( 5.250 ) | ( 21.000 ) |
| Seldar eignir ................................ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur, breyting ............. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 0 | 0 | 0 | ( 15.750 ) | ( 5.250 ) | ( 21.000 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ..................... | 1.626 | 98.374 | 100.000 | 56.626 | 128.374 | 185.000 |
| Afborganir langtímalána ................ | ( 54.103 ) | ( 96.423 ) | ( 150.526 ) | ( 85.987 ) | ( 97.679 ) | ( 183.666 ) |
| Viðskiptast. eigin ft., breyting........ | 29.160 | 29.734 | 58.894 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, breyting................ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 23.317 ) | 31.685 | 8.368 | ( 29.361 ) | 30.695 | 1.334 |
| **Hækkun, (lækkun) á handb. fé...** | ( 2.918 ) | 14.032 | 11.114 | 29.415 | ( 18.331 ) | 11.084 |
| **Handbært fé í ársbyrjun.............** | 39.336 | ( 18.470 ) | 20.866 | 42.136 | ( 17.744 ) | 24.392 |
| **Handbært fé í árslok...................** | 36.418 | ( 4.438 ) | 31.980 | 71.551 | ( 36.075 ) | 35.476 |